

Reykjavík, 07.03.2023.

Höfundur: Hörður Jónasson forseti Vinaskáklfélagsins og gestur Vinjar.

### **Sviðsmynd 1 um framtíðar húsnæði Vinjar.**

Ég var beðinn að vera í þessum samráðshópi um framtíð Vinjar.

Hér er mín tillaga um framtíðarhúsnæði Vinjar.

Best er að vera með húsnæði á 1 hæð og þannig geta fleiri nýtt sér húsnæðið.

T.d. gæti þá fólk í hjólastól og fólk sem ætti erfitt með að ganga upp stiga nýtt sér húsnæðið.

Þeir gestir sem koma hér hafa sumir hverjir heimsótt Vin í mörg ár eða jafnvel áratug og þeir eru mjög viðkvæmir fyrir breytingum.

Enda er þarna ýmiskonar starfsemi eða áhugamál sem gestir Vinjar hafa t.d. er Vinaskáklfélagið með sínar höfuðstöðvar þarna, þarna er líka Ferðafélagið Vísýn sem fer nokkrum sinnum á ári í dagsferðir og einu sinni á ári í stærri ferð, þar sem gíst er í nokkra daga annaðhvort innanlands eða erlendis.

Ég tel að ef og þegar verður farið í það að skoða hvaða mögulekar eru í stöðunni um að gestir Vinjar fari úr þessu húsi í annað húsnæði að þá verði gestir Vinjar að fara sem einn hópur, þar sem margir af gestum Vinjar treysta á hvert annað og á starfsfólkið í Vin.

Þarna þarf að fara sérstaklega varlega og hafa gestina með í ákvarðanatöku með hvað sé best að gera. Sumir eiga sérstaklega erfitt með að vera mikið innan um ókunnugt fólk.

Ég tel t.d. ekki möguleki að gestir vinjar fari í annað athvarf sem fyrir er og sem er með mikið af öðru fólki fyrir eins og Vitatorg eða Hlutverkasetur.

Þess vegna tel ég eina ráðið að flytja í nýtt / gamalt húsnæði sem yrði annað Vinjar húsnæði á einni hæð. Þetta húsnæði yrði helst að vera miðsvæðis og með gott aðgengi Strætó. Þarna gæti fólk flutt hinn góða anda hússins að Hverfisgötu 47 yfir í hið nýja húsnæði Vinjar. **Hið nýja húsnæði yrði þá í samstarfi við Samfélagshúsin, Aflagrandu 40, Vitatorg og Bólstaðahlíð 43.**

Ég hef teiknað upp tillögu að skipulagi á hinu nýja húsnæði. Þarna koma allavega fram þau herbergi sem ég tel að þurfi að vera í hinu nýja húsnæði.

Hér ætla ég að fara yfir þessa tillögu mína.

Húsnæðið þarf að vera á einni hæð. Inngangur þarf að vera það breiður að fólk í hjólastól geti komist inn enda verða engar tröppur við inngangurinn. Þegar inn er komið tekur við forstofa þar sem fólk getur tekið af sér skó og úlpu.

Síðan er komið inn í sal þar sem Borðstofan er. Núverandi eru 2 langborð þar sem 8 manns geta borðað í einu, en þarna er gert ráð fyrir að 2 falda og hafa 4 langborð þannig að 16 geti borðað. Einnig væri hægt að nýta þessi langborð undir viðburði ýmiskonar t.d. að hafa skákmót og þá kæmist 24 að tefla þarna í einu.

Hið nýja Vin gæti þá tekið við fleiri gestum en núverandi húsnæði gerir. Einnig væri þetta húsnæði hagkvæmara að öllu leiti eins og áður hefur komið fram.

Þarna væri Eldhús og Búr og væri eldað fyrir gesti hádegismatur eins hefur verið í Vin. Ýmis konar tómstundaherbergi yrðu í þessu nýja húsnæði, eins og Myndlistarherbergi, Skákhofið fyrir Vinaskáklfélagið, Bókaherbergi og Slökunarherbergi. Einnig væri þarna stofa þar sem fólk getur sest niður og spjallað saman, hlustað á útvarp og eða horft á sjónvarp eða góða bíómynd. Í stofunni tel ég þess vegna að þurfi að vera Sjónvarp, útvarp og Video tæki þannig að t.d. gæti verið bíó dagur þar sem gestir geti horft á sér til skemmtunar.

Þarna sett ég 2 tölvur fyrir gesti Vinjar á teikninguna í opna ríminu, enda væru þeir sem notuðu tölvurnar með heyrnartól.

Einnig yrði þarna skrifstofur fyrir starfsfólk þ.e. ein opin skrifstofa þar sem gestir geta komið og borgað fyrir matinn og eða borgað fyrir ferðir með Ferðafélaginu Víðsýn.

Síðan er skrifstofa fyrir starfsfólk, Fundarherbergi sem hægt væri að funda með gestum og eða starfsfólkið gæti fundar þarna. Einnig gæti starfsfólk frá Velferð sviðinu nýtt fundaaðstöðuna. Þegar ekki er verið að funda væri hægt að nýta þetta herbergi undir námskeið ýmiskonar.

Þó að ég hafi teiknað þetta svona upp, þá er að sjálfssögðu hægt að raða herbergunum upp öðruvísi. Gaman væri ef húsnæði myndist sem væri með smávegis garð á baklóð. Húsnæðið mætti alveg tengjast blokk, enda mundi hin nýja Vin taka 1 hæðina undir sína starfsemi.

Held ég láti þetta nægja í bili og vonast eftir góðum viðbrögðum.

Kveðja, Hörður Jónasson forseti Vinaskáklfélagsins og gestur Vinjar.